



136. fundur Stúdentaráðs

Þriðjudagurinn 2. júní 2026 kl. 17:00

Stofa N102 - Háskólinn á Akureyri

Fundarritari: Guðrún Lára Einarsdóttir, Viðburðastjóri SHA og ritari framkvæmdastjórnar.

Fundarstjóri: Aðalbjörn Jóhannsson, Forseti SHA og formaður stúdentaráðs

Mættir: Aðalbjörn Jóhannsson (Forseti), Rakel Rún Sigurðardóttir (Samskiptafulltrúi), Katla Ósk Káradóttir (Hagsmunafulltrúi), Heiðrún Hafdal (Rekstrarstjóri), Guðrún Lára Einarsdóttir (Viðburðastjóri) og Jóhannes Már Pétursson (Alþjóðafulltrúi) úr framkvæmdastjórn. Emma Rós Ingvarsdóttir (Þemis), Steindór Haukur Sigurðsson (Unit - Varafulltrúi), Rebecca Lísbet Sharam (Stafnbúi), Sara Lind Sigurðardóttir (Reki), Pálmi Ragnarsson (Magister), Sigurbjörg Brynja Ingvarsdóttir (Kumpáni- Varafulltrúi), Andrea Björg Hlynisdóttir (Eir), Svana Rún Austmar Aðalbjörnsdóttir (Umhverfisfulltrúi), Mars Baldursson (Jafnréttisfulltrúi), Aldís Mjöll Hlynisdóttir (Gæðafulltrúi).

Fundur settur kl. 17:08

Dagskrá 136. fundar Stúdentaráðs

1. Fundargerð 135. fundar stúdentaráðs borin upp til samþykktar

Fundargerð 135. fundar stúdentaráðs var samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

2. Skýrsla framkvæmdastjórnar

Forseti

Impað á því, að gefnu tilefni, að ef fulltrúar fenguð skrítna tölvupósta frá unak tölvupóstum að hafa í huga að það gætu verið spam-tölvupóstar.

Fulltrúar stúdenta fóru á aðalfund FÉSTA. Aðeins sagt frá hvað kom þar fram og hvernig gekk.

Fjórir fulltrúar úr framkvæmdastjórn fóru á skiptafund LÍS. SHA greiddi ekki framlag í það heldur greiddi LÍS fyrir ferða- og gistikostnað okkar fulltrúa.

Bæði SHÍ og SHA eru rosa opin fyrir því að gera tengingar sín á milli. Hvatt til þess að aðildarfélagin leiti til systrafélaga í SHÍ og athugi með samstarf/eitthvað álíka.

Katla Ósk og Heiðrún Hafdal eru núverandi fulltrúar SHA í LÍS en Rakel Rún og Aðalbjörn eru varafulltrúar þeirra.

Fulltrúar framkvæmdastjórnar fóru á fund með Félagsstofnun Stúdenta við Háskóla Íslands (FS) og fengu mjög flotta kynningu á starfsemi og þjónustu stofnunarinnar. FS eru m.a. með bóksölu stúdenta og vilja þeir efla frekara samstarf við SHA.

Viska - eru að huga að því að greiða niður námsbækur í gegnum bóksölu stúdenta. Það er gert fyrir stúdenta fyrir sunnan, en við erum að reyna að fá það í gegn fyrir okkur líka.

Þeir fjórir fulltrúar sem fóru suður (á skiptafund LÍS) nýttu ferðina og hittu á starfsmann Ölgerðarinnar varðandi samstarf við SHA. Sagt frá hvernig það gekk og hvað kom fram.

Framkvæmdastjórn fundaði með rektor, hún virtist mjög meðvituð um okkar mál/afstöðu, m.a. varðandi aðgang að lokaprófum.

Eftir fundinn fóru Rakel og Katla að ræða við mannauðsstjóra til þess að passa að hún sé upplýst um málið, hvernig hefur verið talað við og um stúdenta o.fl.

Óskar, hjá KHA, ætlar að vera með aðra TEAMS kennslu í haust fyrir fulltrúa í stúdentaráði og fulltrúa í stjórnnum aðildarfélaga. Við hvetjum öll til að mæta.

Það var sent bréf vegna diplómunámsins fyrir stúdenta með sértækar stuðningsþarfir. Það er búið að tryggja fjármagn og því verður inntaka í haust.

Fulltrúar í stúdentaráði voru hvattir til þess að mæta og vera til staðar á nýnemadögunum (sérstaklega 25. og 27. ágúst). Framkvæmdastjórn er byrjuð að huga að nýnemadögum, meira um það seinna.

Kom spurning varðandi dagskránnar - hvort það væri hægt að fresta klukkunni eða hafa það á einhvern öðruvísi hátt en síðustu ár þannig að flestir fari ekki af svæðinu. Framkvæmdastjórn mun skoða þetta.

Hönnunarvinna fyrir nýtt merki SHA er farin af stað.

Vert að minna á að allir fulltrúar sem sitja í stúdentaráði, hvort sem það er fulltrúi eða varafulltrúi, eru jafngildir þegar þeir sitja fundi stúdentaráðs.

Rekstrarstjóri

Búin að vera mjög dugleg að senda á fyrirtæki varðandi afslætti í SHA appinu, erum komin með marga góða.

Er að vinna í auglýsingapakka og tillögum að bakhjarlamarkaðspökkum.

Viska ætlar að styrkja SHA með upphæð í stofnmótframlag í fræðslusjóð.

Einnig styrkja þau SHA með upphæð í rekstrarstyrk SHA.

Framkvæmdastjórn ætlar að óska eftir því að háskólinn leggi til sama framlag í fræðslusjóðinn.

Aðildarfélög fá tækifæri til að vinna sér inn styrki með því að félagsfólk skrái sig í Visku stúdent.

Það á enn eftir að skrifa undir samstarfssamninginn við Leyni, er á dagskrá.

Ef fulltrúar í stúdentaráði, eða aðrir aðilar, eru með hugmyndir af fyrirtækjum sem gætu boðið stúdentum afslætti, þá má endilega láta framkvæmdastjórn vita.

Samskiptafulltrúi

Búin að vera mjög dugleg í að skrifa verklagsreglur. Förum í þær í öðrum lið.

Minnt fulltrúa sem sitja deildar- og/eða sviðsfundi að skila inn fundargerðum á Fulltrúar Stúdenta SHA- TEAMS svæðið.

Hagsmunafulltrúi

Samstarfið við Natracare er klárt. Komið geggjað myndband inn á samfélagsmiðlana okkar. HA er einnig núna komið í samstarf við þau.

Það styttest í að við fáum gömlu lokaprófin afhent.

Viðburðastjóri

Beer Pong mót SHA var haldið 8.maí sl. og gekk það mjög vel. Mætingin var góð, en það mættu í kringum 50 manns. Viðburðanefnd mjög svo ánægð með viðburðinn.

Árshátíðin verður haldin 20. febrúar. Viðburðanefnd er búin að ákveða hvaða tónlistarfólk og veislustjóra þau vilja fá, sem og hvaða þema verður á árshátíðinni.

Búið er að bóka hátíðarsalinn fyrir bæði sprellmótið og árshátíðina.

Búið að bóka Egil og Valla fyrir bæði sprellmótið og árshátíðina.

Fjárhagsáætlun viðburðanefndar var kynnt og farið smá yfir hana.

Starfsmannafélag HA voru alltof sein að svara okkur varðandi Fjölskyldudag HA sem við vorum með á planinu. Ákveðið var þá að aflýsa þeim viðburði og stungum við upp á þeirri hugmynd við starfsmannafélagið að halda einhvers konar jólavíðburð í staðinn. Meira um það seinna.

Viðburðanefnd ætlar að halda Kjarna Party 22. ágúst, þar sem núverandi stúdentar og nýir stúdentar koma saman, förum í leiki og höfum gaman. SHA mun bjóða upp á pylsur og drykki.

Alþjóðafulltrúi

Var í Eistlandi á námsfundi. Sagði okkur frá því.

Jóhannes er kominn í góð samskipti við önnur stúdentafélög erlendis.

LÍS á að halda þarnæsta NOMfund - Jóhannes vill skoða að fá þann NOMfund til Akureyrar.

Fékk póst frá utanríkisráðuneytinu, en stúdentum er boðið að skrá okkur á Model Nato fund. Hvetjum alla sem hafa áhuga á þessu að skrá sig. Fundurinn verður haldinn 2. október en skráningu lýkur 20. ágúst. Hægt að sækja um ferðastyrk til SHA til að sækja þennan viðburð.

Fékk póst frá Nordregio og hann er að fara að funda á fimmtudaginn um samstarf við SHA. Meira um það seinna.

Það munu koma 39 skiptinemar til okkar í skólann næsta haust.

Fjárhagsáætlun alþjóðanefndar er í vinnslu. Mesta áherslan verður á viðburði fyrir skiptinema.

Nýnemadagur skiptinema verður eftir hádegi á fimmtudeginum (27. ágúst).

Buddy-kerfi fyrir skiptinema - Jóhannes mun vera í sambandi við fulltrúa aðildarfélagana varðandi það þegar þar að kemur.

Alþjóðafulltrúi er að vinna í aðgerðaráætlun fyrir næstu fjögur árin um samstörf við erlend stúdentafélög.

3. Skýrsla fulltrúa SHA í ráðum Háskólans á Akureyri

Gæðafulltrúi

Námskeiðsmatið er opið lengur og athugasemdashöfundurinn fá að standa í bili.

Umhverfisfulltrúi

Ákveðið var hver fengi The Green Thesis Award.

Jafnréttisfulltrúi

Eru að fara á fund með FÉSTA 15. júní þar sem þau ætla að reyna að búa til verklagsreglur varðandi það hvað FÉSTA eigi að gera ef kynsegin stúdent sækir um íbúð/herbergi þar sem þau þurfa að deila aðstöðu með öðrum.

Mars átti fund með hluta framkvæmdastjórnar um hvað SHA gerir ef þau fá mál þar sem stúdent hefur orðið fyrir fordómum - framkvæmdastjórn ætlar að skoða betur og vill Mars að framkvæmdastjórn skoði það sem fyrst og boði svo fulltrúa stúdenta í jafnréttisráði á fund.

4. Skýrsla aðildarfélaga

Eir

Margrét Unnur var með ávarp á fundi félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og var SHA og Eir til mikilla sóma. Hvatt alla til að lesa þetta ávarp.

Kumpáni

Undirbúningur fyrir næsta skólaár er á fullu. Sigurbjörg er búin að vera mikið í lokaprófsmálum hjá sálfræðinni.

Þau ætla að hafa kynningu fyrir sálfræðideild og fyrir hug-og félagsvísindadeild hvað fulltrúar í þeirra stjórn gera (margir vita ekki hver starfsemi þeirra er).

Magister

Ekkert nýtt að fréttu

Reki

Sara fór suður og hitti (og tók mynd með) fulltrúa/starfsmenn KVH, Kjarafélag viðskiptafræðinema og hagfræðinga, fyrir hönd Reka.

Eru að plana vísindaferð suður til að halda betur utan um fjarnemana sína og kannski sérstaklega nýnemana.

Stafnbúi

Eru að fara halda samþykktabreytingafund á 3. júní.

Héldu fjarnemahitting 22. maí og gekk bara vel, mættu ca 16 stúdentar.

Unit

Ekkert nýtt að fréttu

Þemis

Ekki búið að innleiða Karnov, danskt laga- og dómasafn og það verður ekki gert vegna fjármagns.

5. Starfsáætlun SHA

Starfsáætlun SHA var kynnt og hún samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

6. Verklagsreglur SHA

1. Verklagsreglur um Stúdentaráð Stúdentafélags Háskólans á Akureyri voru samþykktar samhljóða með handauppréttingu.
2. Verklagsreglur um Framkvæmdastjórn Stúdentafélags Háskólans á Akureyri voru samþykktar samhljóða.
3. Verklagsreglur um rekstur réttindaskrifstofu Stúdentafélags Háskólans á Akureyri voru samþykktar samhljóða með handauppréttingu.
4. Verklagsreglur um aðildarfélög Stúdentafélags Háskólans á Akureyri voru samþykktar samhljóða með handauppréttingu.
5. Verklagsreglur um skráningar í Stúdentafélag Háskólans á Akureyri og aðildarfélög voru samþykktar samhljóða með handauppréttingu.
6. Verklagsreglur um fastanefndir Stúdentafélags Háskólans á Akureyri voru samþykktar samhljóða með handauppréttingu.
7. Verklagsreglur fulltrúa stúdenta í nefndum, ráðum og innan stjórnsýslu Háskólans á Akureyri voru samþykktar með þeim fyrirvara að framkvæmdastjórn setji breytingartillögu, sem samþykkt var á fundinum, inn.
8. Verklagsreglur fulltrúa stúdenta í gæðaráði, jafnréttisráði og umhverfisráði voru samþykktar með þeim fyrirvara að framkvæmdastjórn setji breytingartillögu, sem samþykkt var á fundinum, inn.

9. Verklagsreglur vegna afsagnar úr trúnaðarstörfum innan Stúdentafélags Háskólans á Akureyri voru samþykktar samhljóða með handauppréttingu.
10. Verklagsreglur vegna beiðna um úttekt úr fræðslu- og menntunarsjóð Stúdentafélags Háskólans á Akureyri voru samþykktar samhljóða með handauppréttingu.
11. Verklagsreglur um fjármál Stúdentafélags Háskólans á Akureyri voru samþykktar samhljóða með handauppréttingu.

Allar verklagsreglur Stúdentafélags Háskólans á Akureyri hafa hér með verið bornar upp til samþykktar og voru þær allar samþykktar samhljóða með handauppréttingu.

7. Fjárhagsáætlun SHA

Fjárhagsáætlun SHA var kynnt stúdentaráði og var hún samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

8. Styrkir og markaðspakkar

Upplýst og farið yfir mögulegan samning við Ölgerðina.

Ákveðið að þegar framkvæmdastjórn er komin lengra í samningaviðræðum þá verður haldin rafræn atkvæðagreiðsla (með samanburði Ölgerðin vs. CCEP) innan stúdentaráðs.

Heiðrún fór yfir og kynnti auglýsinga/markaðspakkana sem hún hefur verið að vinna í.

9. Samstarfssamningar

Viska vill halda áfram samstarfi við SHA. Þau vilja styrkja stúdenta SHA með afslætti af námsbókum, sem og að fræðslusjóðurinn er í vinnslu. SHA mun einnig fá upphæð í fræðslusjóð SHA.

Framkvæmdastjórn ætlar að reyna að fá styrk hjá Akureyrarbæ fyrir íþróttatímunum.

10. Háskólahátíð 2026

Verður á föstudaginn 19. júní og laugardaginn 20. júní.

Vilja fulltrúar í Stúdentaráði hafa aðkomu að háskólahátíðinni? og á hvaða hátt þá?

Það komu upp ýmsar hugmyndir - mikill vilji hjá stúdentaráði að hafa aðkomu á einhvern hátt.

Framkvæmdastjórn ætlar að senda á Góðvini/Sólveigu og athuga hvernig reiknað er út hver fær þau verðlaun.

11. Hinnblástur 18. júní

Stúdentafélagið fékk styrk fyrir verkefninu Hinnblástur. Við verðum með viðburð 18. júní klukkan 16:00 á flötinni fyrir utan D-hús (skrifstofuna) þar sem verður workshop (mála skilti, vonandi stéttina og það verður fræðsla).

Klukkan 18:00 verður ERGI með fræðslu/námskeið í gagnræðum.

12. Önnur mál

Ein af ályktunum sem við sendum inn til LÍS - Lísá fór með það á Evrópuþing stúdenta og var þessi ályktun SHA samþykkt þar.

Í nokkrum námsleiðum og deildum er skylda að gefa upp blaðsíðutal í tilvísun. Á deildarfundum félagsvísindadeildar kom upp sú umræða að taka upp þessa skyldu.

Athugað hvort það hafi eitthvað verið rætt þetta á deildarfundum (sem fulltrúar stúdenta sitja).

Mikilvægt er að ef þetta eru reglur, þá þarf að passa að þær eiga við um öll námskeið í öllum deildum/sviðum.

Fundi slitið: 19:50